

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992 - 2012, Mosfellsdalur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992 - 2012 frá 6. maí 1994.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í Mosfellsdal sunnan Þingvallavegar verður blandað svæði íbúða og landbúnaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 519

20. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stofnanareitur fyrir Grunnskólann í Borgarnesi er stækkaður.
- Stofnanareitur í Bjargslandi fyrir nýjan leikskóla er færður m.t.t. nýs rammaskipulags í Bjargslandi.
- Lögum á verslunar og þjónustureit suðaustan við gatnamót Snæfellsvegar (Ólafsvík-urvegur) og Þjóðvegur 1 er breytt til að gera lóð byggingarhæfari.
- Athafnasvæði og almennu útivistarsvæði norðan megin við Sólbakka sem sýnt er köflótt á núverandi aðalskipulagi er breytt að hluta til í íðnaðarsvæði og að hluta til í athafnasvæði.
- Reiðleið frá hestahverfi við Vindás sem sýnd er meðfram Þjóðvegi 1 til suðurs er breytt þannig að hún færist frá Þjóðvegi til vesturs.
- Litir hafa verið samræmdir litatöflu skipulagsreglugerðar frá 1998.

Við staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar fellur úr gildi staðfestur uppdráttur aðalskipulags Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998. Upprunaleg greinargerð staðfest 19. október 1998 gildir áfram.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.